

Náttúrustofa Vestfjarða

Könnun á fiskframleiðslu og smádýralífi
í Seljalandslæk

Hluti af umhverfismati v/ snjóflóðavarna

Sigurður Már Einarsson
og
Þorleifur Eiríksson

Október 1998

Könnun á smádýralífi í Seljalandslæk

Þorleifur Eiríksson dýrafræðingur Náttúrustofu Vestfjarða

Inngangur

Í tengslum við könnun á fiskgengd í Seljalandslæk vegna umhverfismats á snjóflóðavörnum var gerð könnun á smádýralífi í læknum.

Könnunina gerðu Þorleifur Eiríksson og Petrína Sigurðardóttir rannsóknarmaður.

Aðferðir

Teknir voru þrjú tilviljunarsýni neðst í læknum þannig að valinn var staður og steinn tekinn úr henni af þeim stað, síðan var ákveðinn annar staður í 10 m fjarlægð og steinn tekinn. Þetta var síðan endurtekið í þriðja sinn.

Ef steinninn sem upp kom var lítill var tekinn annar í 1 m fjarlægð, til að samanlagt yfirborð steinanna væri svipað.

Til að dýr töpuðust ekki af steinunum í læknum meðan var verið að taka hann upp var neti haldið fyrir neðan.

Steinarnir voru svo síðan teknir og allt burstað af þeim og sigtað í 250 μm sigti.

Það sem fannst í hverju sýni var sett í 70% isopropanol og síðan voru dýr greind í safnhópa og einstaklingar taldir undir víðsjá.

Niðurstöður

Í könnuninni fundust eftirtaldir hópar vatnadýra

| Íslenskt heiti | Latneskt heiti | | Meðalfjöldi (m^2) | Staðalfrávik |
|----------------|-------------------------|-------|------------------------------|--------------|
| Ánar | Oligochaeta | | 173 | 160 |
| Maurar | Acarina | | 7 | 13 |
| Vorfluga | <i>Apatania zonella</i> | lirfa | 20 | 12 |
| | | púpa | 9 | 8 |
| Rykmý | Cironomidae | lirfa | 3608 | 1907 |
| | | púpa | 12 | 3 |
| Bitmý | Simulium sp. | lirfa | 1794 | 1594 |
| Strandfluga | Clinocera stagnalis | lirfa | 191 | 176 |

Þetta eru allt algeng dýr í íslenskum ám.

Umræður.

Niðurstöður eru svipaðar þeim sem búist var við. Rykmý er mest áberandi. Það var bara greint til ættar en undirættin Tanitarsini var áberandi eins og við má búast í kaldri dragá (Jón S Ólafsson 1996).

Bitmý var mun hnappdreifðara eins og sést á háu staðalfrávik. Lirfurnar voru flestar stórar sem bendir til þess að það sé bara ein kynslóð á ári (Gísli Már Gíslason og Vigfús Jóhannesson 1991).

Hluti dýranna þ.e. ánar og strandflugan voru bundin við mosabrúska, þar sem þau eiga mestan möguleika að halda sér (Erlendur Jónsson og Gísli Már Gíslason 1989). Þrjú sýni gefa sennilega ekki örugga mynd af útbreiðslu mosabrúska og því eru þessar tölur ónákvæmar.

Vorflugan *Apatania zonella* er utbreidd um allt land og ein algengasta vorflugan í straumvatni (Helgi Hallgrímsson 1979; Gísli Már Gíslason 1981).

Því miður eru litlar sem engar upplýsingar til um vestfirskar ár og læki til að bera saman við, en dýralífið sem sást í þessari könnun er mjög svipað því sem við var búist í venjulegum vestfirskum læk.

Heimildir og handbækur

Erlendur Jónsson og Gísli Már Gíslason 1989. Vatnaskordýr. Í Pöddur, Rit Landverndar 9. bls 113-137.

Gísli Már Gíslason 1981. Distribution and habitat preferences of icelandic Trichoptera. Proc. of the 3rd Int. Symp. on Trichoptera, ed by G.P. Moretti. Series Entomologica, Vol. 20.

Gísli Már Gíslason og Vigfús Jóhannesson 1991. Effects of food and temperature on the life cycle of *Simulium vitatum* Zett. (Diptera: Simuliidae) in the river Laxá, N-Iceland. Verh. Internat. Verein. Limnol. 24: 2912-2916.

Helgi Hallgrímsson 1979. Veröldin í vatninu. Bókagerðin Askur. 115 bls.

Jón S. Ólafsson. 1996. Lýsing á helstu hópum rykmýslirfa sem finnast hér á landi. Líffræðistofnun Háskólans.